

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Borgarfjarðarhrepps Brandsbölum



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	26.6.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Sorpurðun Borgarfjarðarhrepps	Eftirlitsmaður	Dröfn Svanbjörnsdóttir
Heimili	Borgarfjarðarhreppur, Hreppstofa	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	4801696549	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Björn Skúlason	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	739418,151 568593,816

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlit. Urðunarstaðurinn er rekinn þrátt fyrir að starfsleyfi hafi runnið út í febrúar 2017. Aðrir en starfsmenn sveitarfélagsins hafa aðgang inn á svæðið og óflokkaður úrgangur er losaður ofan í urðunarrein fyrir grófan úrgang. Skráningar vegna innra eftirlits rekstraraðila fyrir 2017 hafa ekki borist til Umhverfisstofnunar.

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirliti.

UMFANG EFTIRLITS

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmenn voru Dröfn Svanbjörnsdóttir og Helga Hreinsdóttir.

Við aðkomu að urðunarstaðnum var hlið opið. Fram kom í eftirliti að sorphirða var í gangi en að öllu jöfnu er hlið lokað en ekki læst.

Gengið var um urðunarstaðinn og skoðað ofan í urðunarreinar. Þær voru fjórar, þ.e. fyrir lífrænan úrgang, heimilisúrgang, blandaðan grófan úrgang og fyrir seyru. Skipulag og yfirbragð urðunarstaðarins var gott. Allur endanlegur frágangur urðunarreina var til fyrirmyndar.

Mikið regnvatn stóð í seyrugryfjunni. Áform voru um að fjarlægja seyru úr gryfjunni eftir að regnvatnið sjatnar og laga botn gryfjunnar þannig að vökvi sígi hraðar niður.

Hlerar voru yfir urðunarreinum fyrir lífrænan úrgang og heimilissorp. Hleri yfir lífræna úrganginn hafði nýleg brotnað en verður lagaður við fyrsta tækifæri. Fram kom í eftirliti að hugsanlega verður sett þekjuefni ofan í reina til að koma í veg fyrir meindýr og draga úr lykt.

Í urðunarrein fyrir grófan úrgang mátti m.a. finna óflokkað timbur, þ.e. meðhöndlað og ómeðhöndlað timbur í bland, ásamt öðru sem væri hægt að flokka frá.

Magntölum fyrir úrgang til urðunar hefur verið skilað til Umhverfisstofnunar skv. tölvupósti dags. 3.7.2018.

Frárennslissýni voru tekin fyrir neðan og ofan urðunarstaðinn skv. samkomulagi sveitarfélagsins og HAUST. Brunnur fyrir neðan svæðið var þurr.

Frávík frá

Gr. 1.2 í starfsleyfi

Lýsing á frávíki

Starfsleyfið rann út þann 1. febrúar 2017 og er staðurinn því rekinn án starfsleyfis. Skv. erindi dags. 20.6.2018 var sótt um undanþágu til reksturs urðunarstaðarins til Umhverfissráðuneytisins þar sem umsóknarferli er í gangi um nýtt starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun.

Gr. 3.1. í starfsleyfi

Skráningar fyrir 2017 skv. gr. 3.1. í starfsleyfi hafa ekki verið sendar til Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili skal taka saman upplýsingar og senda ársyfirlit fyrir 1. mars ár hvert.

Gr. 4.3 í starfsleyfi

Aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður. Ekki stendur að hlið skulu vera læst en þau skulu vera lokuð nema þegar starfsemi fer fram. Áður hefur verið gerð athugasemd um þetta atriði þar sem ummerki bentu til þess að aðilar aðrir en starfsmenn sveitarfélagsins fari inn á svæðið og losi óflokkaðan úrgang ofan í urðunarrein. Nauðsynlegt er að takmarka aðgang og þar

13.08.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Steinunn Karlsdóttir